

Umhverfis- og skipulagsráð

Reykjavík 21. apríl 2023
USK23030293

Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um trjáfellingu tveggja silfurreynitrjáa við Grettisgötu_umsögn.

Vísað er í fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um trjáfellingu tveggja silfurreynitrjáa við Grettisgötu sem vísað var til umsagnar skrifstofu umhverfisgæða á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 12. apríl 2023.

Erindi barst USK í desember 2022 vegna umræddra trjáa sem stóðu á lóð Laugavegs 28A, Grettisgötumegin.

Samkvæmt erindinu voru í gangi framkvæmdir vegna burðarveggjar á lóðarmörkum sem var orðinn ónýtur og búið var að fjarlægja stóran hluta rôtarkerfis trjáanna.

Trén stóðu í litlu rými milli burðarveggjar og mjög nálægt húsinu. Samkvæmt upplýsingum hafði fyrr verið fjarlægðar rætur næst húsinu líklegast til að dreina vegna kjallara sem er í húsinu.

Það lá því fyrir að búið var að fjarlægja stóran hluta rôtarkerfisins og eigandinn hafði miklar áhyggjur af því að tréð væri nánast rótaarlaust og gæti auðveldlega fallið þá annað hvort á húsið eða á bílastæði á aðliggjandi lóð.

Það var tekið undir þessi rök af starfsmönnum USK að mikil áhætta væri á að trén myndu falla og að þau hefðu litla möguleika á að þrífast í því rötarrými sem var í boði. Fallist var á fellinguna trjáanna.

Fyrir hönd skrifstofu umhverfisgæða,

Þórólfur Jónsson
deildarstjóri náttúru og garða